

Fundargerð 18. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 1. september kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður P. Sigmundsson, Birna Ólafsdóttir, Gylfi Ingvarsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Guðlaug Kristjánsdóttir boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri, Sigðurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Farið yfir frumhönnun heimilisins.

Baldur Ó. Svavarsson og Jón Þór Þorvaldsson, arkitekta fóru yfir nýjustu útfærslur, sjá meðfylgjandi gögn. Um er að ræða grunn að útboði að verkfræðihönnun sem boðin verður út á næstu dögum. Fundarmenn ræddu ýmsar útfærslur og komu á framfæri athugasemdum. Verkefnastjórnin samþykkir þá frumhönnun sem liggur fyrir.

Stjórnin veitir samþykki fyrir útboði á verkfræðihönnun á grunni þeirrar frumhönnunar sem liggur fyrir.

2. Bæjarstjóri sat fundinn og óskaði heimildar verkefnastjórnar til að fá Leif Benediktsson, verkfræðing og ráðgjafa til að rýna þær teikningar sem fram eru komnar. Verkefnastjórn veitti sitt samþykki.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir að ný drög lægju fyrir að samningi við velferðarráðuneytið um byggingu heimilisins. Komin er niðurstaða að öllu leyti nema varðandi leiguverð og er unnið er að samkomulagi sem líkur eru á að náist á næstu dögum. Bæjarstjóri vinnur áfram að málinu. Bæjarstjóri vék af fundi.

3. Verkefnastjórn felur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu að sjá til þess að heildarmynd fái af svæðinu á næsta fundi. Gera þarf samning við landslagsarkitekta og kemur Oddur Hermannson, landslagsarkitekt hjá Landformi ehf. iná næsta fund verkefnastjórnar. Fengin verði heildarmynd af svæðinu á næsta fundi.

Umræður sköpuðust um íbúasamráð og verður lögð áhersla á að kynna teikningar og þá ekki síst hugmyndir varðandi lóðina fyrir íbúum sveitarfélagsins.

Næsti fundur verður eftir tvær vikur.

Fundi slitið kl. 17:10.

